

legum ofsa, svo því nær var óstætt í byljunum. Var þá álitid ófært í sjó að leggja, og engin bjargráðavon þó reynt yrði. Hurfu þeir frá við svo búid. Þetta veður stóð með engum hvíldum þann dag allan og næstu nótt, en slotaði undir birtingu. Var þá fremur óvistlegt í skipinu mest sökum kulda. Æðruorð heyrðust þó engin, og jeg held mjer sje óhætt að fullyrða, að sorg manna yfir slysi þessu og tjóni því, er þjóðin liði, ef hún misti skipið hafi verið mönnum ríkari í huga, en hræðslan um lífið. Att var austanstað og hjelt sjer þar stöðug; nesoddinn dró úr brimið að mestu leyti og varð þetta hvortveggja okkur til lífs.

Á föstudagsmorguninn, þegar ljóst var orðið, komu vjelabátar úr Aðalvík á vettvang. Er skemst frá því að segja, þann dag var öllu fólkinu og mestu af farþegaflutningi bjargað í land og fengum við hinar bestu viðtökur og reyndum þar ósvikna íslenska gestrisni, sem nú mun hvergi finnast jafnglög, sem í útkjálkasveitum Íslands. Þann dag var rokviðri með köflum og stórsjór á úthafi. Var því ekki ráðist til Ísafjarðar, fyr en með birtingu næsta morgun, og náði bátur þangað um kl. 3—4 á laugardaginn. Þá flaug fregnin um allt land. Daginn eftir kom Flora til Aðalvíkur og tók þá farþega, sem gátu notað ferð hennar. Hafði hún ekki náð Ísafirði í bylnum á fimtudagsnóttina og legið í hafi.

Forvitnisspurningum manna um það, hvað valdið hafi slysi þessu, og hverjum sje helst um að kenna verður ekki svarað í þessum línum. Það er hvortveggja, að um það er mjer alls ókunnugt enda mundi jeg ekki um það bera, þó mjer væri það kunnugt. Það mun koma fram á sínum tíma eftir rjettri boðleið. Þeir menn, sem þyngsta bera ábyrgðina munu vissulega taka sjer þetta slys nær en almenningur tekur sjer að dómfella þá að órannsökudu máli og mættum við Íslendingar temja okkur það að vera orðfærri á stundum reynslunnar, en þeim mun alvörumeiri og sterkari.

Mætti jeg gera nokkura athugasemd í sambandi við þetta mál, yrði hún þessi: Hefði sími verið kominn til Hesteyrar eða Aðalvíkur hefðu unnist tveir dagar af færue veðri til björgunartilrauna. Þá hefði Goðafoss ef til vill verið aftur kominn á flot.

p. t. Akureyri 5. des. 1916.

Jónas Þorbergsson.

## Leiðrjetting.\*

Herra ritstjóri »Norðurlands«!

Í grein í 53. tbl. blaðs yðar þ. á., þar sem þjer, meðal annars, getið þess, að kært hafi verið yfir alþingiskosningunum í Eyjafjarðarsýslu, 21. okt. n. l., og segið lesendum frá ýmsum misfellum, sem eiga að hafa átt sjer stað, í sambandi við nefndar kosningar, gerið þjer kosninguna í Hrafnagilshreppi sjerstaklega að umtalsefni.

\*) Samhljóða leiðrjetting ásamt meðfylgjandi vottorðum, hefir ritstjóri Norðurlands lfoað að taka upp í blað sitt. D. J.

Út af því leyfi jeg mjer að taka þetta fram: að það eru *tilhæfalaus ósannindi*,

1. að nokkur kjósandi hafi setið við kjörborðið hjá kjörstjórninni, meðan kosningin fór fram,
2. að nokkur kjósandi hafi bent mjer á, að 29. gr. kosningalaganna væri brotin.
3. að enginn dyravörður hafi verið.
4. að nokkur kjósandi hafi, mjer vitanlega, komið með ósamanbrotinn kjörseðil fram úr kosningaherberginu (kjörklefanum),
5. að jeg sem kjörstjóri hafi á nokkurn hátt sýnt hlutdrægni eða notað stöðu mína mjer í vil, við nefndar kosningar. —

Þó margt fleira sje athugavert við frásögn blaðsins, læt jeg þetta nægja að sinni.

Kroppi 5. des. 1916.

Davíð Jónsson.

Við undirritaðir sem vorum í undirkjörstjórn Hrafnagilshrepps við alþingiskosningarnar 21. okt. n. l. lýsum því yfir að framanskriafaðar leiðrjettingar kjörstjóra Davíðs Jónssonar við frásögn »Norðurlands«, eru rjettar eftir því sem okkur er framast kunnugt.

Hranastöðum 5/12 1916. Grund 5/12 1916.

Pjetur Ólafsson, M. Sigurðsson.

Við undirritaðir, sem kvaddir vorum af kjörstjórn Hrafnagilshrepps til þess að vera dyraveðir við alþingiskosningar þær, er fram fóru 21. okt. s. l. lýsum því yfir, að framanskriafaðar leiðrjettingar oddvita kjörstjórnarinnar Davíðs Jónssonar, við frásögn »Norðurlands«, eru rjettar eftir því sem okkur er framast kunnugt.

Hólshúsum 5. des. 1916. Litlahóli 5. d. 1916.

Júlíus Ólafsson, J. Hallgrímsson.



## Frú Kristín Benediktsdóttir,

kona Björns Jóhannssonar frá Ljósavatni, ljest að heimili sínu sunnudagsmorguninn 3. des. eftir langa og þunga legu.

Frú Kristín sál. var vel gefin og fór mikið orð af henni fyrir dugnað og skörungsskap.

Þau hjón áttu 2 uppkomna sonu Þórhall listmálara, og Tómas verslunarman, báðir í foreldrahúsum.

## Leikhúsið.

»Hinn ímyndunarveiki«, franskur leikur eftir Molière, var sýndur hjer í leikhúsinu á sunnudagskvöldið. Voru sum hlutverkin fremur laglega af hendi leyst, en önnur nokkru miður, enda munu sumir leikendurnir aldrei hafa komið á leiksvið fyrri, en höfðu þó talsvert örðug hlutverk með höndum og varð því mikill viðvaningsbragur á leik þeirra. Viðeigandi búninga gátu leikendur heldur eigi aflað sjer og er það að sjálfsögðu stór galli. Yfirhöfuð sýndist þessi útlendi leikur tæplega vera við hæfi leikendanna og mundi hafa verið heppilegra að velja eitthvert íslenskt leikrit til meðferðar. Þrátt fyrir gallana, sem finna mátti á leik þessum, skemti fólkið sjer allvel.

# Vegna vörukönnunar verður Sölubúð Kaupfélags Eyfirðinga LOKUÐ 1.—19. janúar næstkomandi. Fjelagsstjórnin.

## Glimubók.

Íslenska glíman er ein af hinum fegurstu og heilnæmstu íþróttum sjer rjett með hana farið. Væri það því skaði mikill, ef hún legðist niður eða spiltist, en því fer betur að það er ekkert útlit fyrir að svo fari og mun það að mestu eða öllu að þakka Íþróttasambandi Íslands.

Íþróttasambandið hefir nú gefið út bók um íslensku glímuna. Höfundar bókarinnar eru: Guðm. Kr. Guðmundsson, Hallgrímur Benediktsson, Helgi Hjörvar, Magnús Kjaran og Sigurjón Pjetursson. Segir svo í formála bókarinnar að Í. S. Í. hafi í hyggju að gefa smámsaman út kenslubækur í þeim íþróttum, sem sambandið hefir með höndum. Er þetta fyrsta kenslubókin í þessa átt. Mun hún að dómi þeirra, er best hafa vit á ísl. glímunni, hafa tekist prýðisvel, enda eru höfundarnir frækir og áhugasamir glímumenn.

Bókina prýða 36 ljómandi góðar myndir, nálega allar af glímubrögðum; eru þær teknar af Ólafi Magnússyni ljósmyndasmið, sem einnig er alvanur glímumaður.

Af bók þessari ættu allir íslenskir sveinar að læra íslensku glímuna sjer til líkams- og sálarheilla.

## Dánarfregn.

Ingibjörg Stefánsdóttir, dóttir Stefáns Guðjónssonar í Grót í Kaupangssveit, andaðist um síðustu helgi. Hafði hún legið í mislingum og upp úr þeim ljekk hún svo lungnabólgu, er varð dauðamein hennar.

Ingibjörg sál. var efnisstúlka um þrítugt.

## »Framsóknarsjóður Íslands«.

Því nafni heitir sjóður, er farþegar á Gullfossi stofnuðu, er skipið var á leið vestur um haf í haust. Tilgangur

sjóðsins á að vera sá, að styrkja efnilega Íslendinga, sem af eigin ramleik hafa ekki fjárhagslegar ástæður til þess að afla sjer þeirrar mentunar, sem það lífsstarf krefst, er þeir hafa valið sjer.

Í sjóðinn söfnuðust þegar 3000 kr. og gaf hr. Thor Jensen helminginn af þeirri upphæð. Hann er og talinn frumkvöðull að sjóðstofnun þessari. Ennfremur hjet hann því að gefa honum 3000 kr. árlega í næstu 5 ár, ef hann lifir. Er í ráði að leita sjóðnum samskota nú þegar víða um land og líklegt að margir bregðist vel við þeirri málaleitun, því sjóðurinn ætti að geta orðið til mikils menningarauka í framtíðinni.

## Íslendingar heim.

Með Gullfossi kom hingað til Akureyrar Anton Jóhannesson frá Yrtagerði í Eyjafirði. Hefir hann dvalið 6 ár í Ameríku, lengst af í Bandaríkjunum, en ráðgerir að setjast nú að hjer heima. Hann segir að 35 Íslendingar hafi alls fluttast frá Ameríku til Íslands með Gullfossi og nokkrir komu með Goðafossi og flest sjer það fólk, sem ekki ætli að hverfa vestur aftur.

## 60 ára hjónaband.

Kristján Ásmundsson og Guðrún Andriessdóttir í Viðigerði í Eyjafirði, voru búin að vera 60 ár í hjónabandi í haust. Er Kristján 84 ára og kona hans tveim árum eldri. Bæði hafa þau haft turðanlega góða heilsu að þessu.

## Staka.

Eflaust muntu innra grófur,  
ærið smár varð fengur þinn,  
lítillþægi lambskinsþjófur,  
löngu-fingra eigandinn.

M. E.